



FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

VERKLAG Í EINELTISMÁLUM

með hliðsjón af upplýsingarétti og
mögulegar forvarnir

Sara Lind Guðbergsdóttir

SKRÁNING OG VINNSLA PERSÓNUUPPLÝSINGA

- » Atvinnurekanda ber að skrá niður allt sem tengist meðferð máls, skrá niður fundargerðir og halda til haga gögnum sem tengjast rannsókn málsins, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 1009/2015 og 27. gr. Upplýsingalaga
- » Atvinnurekandi hefur heimild til vinnslu persónuupplýsinga við rannsókn eineltismála þar sem í rgl. nr. 1009/2015 er að finna sérstaka heimild til vinnslunnar.
- » Þar sem um vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga getur verið að ræða þarf að tryggja örugga vistun skjala í skjalakerfi og gæta þess að aðgangur sé takmarkaður, t.d. við þá sem skv. áæltun um heilsuvernd koma að rannsókn málsins.



MIÐLUN PERSÓNUUPPLÝSINGA

- » Miðlun atvinnurekanda á upplýsingum sem varða viðkvæmar persónuupplýsingar er almennt óheimil nema í algjörum undantekningartilvikum, sbr. úrskurð Persónuverndar í máli nr. 2014/1744.
 - Skýrslu í eineltismáli var miðlað til samstarfsmanna meints þolanda.

- » Miðlun getur verið heimil til ef hún er til verndar lögmætum hagsmunum, sbr. úrskurð Persónuverndar í máli nr. 2014/511.
 - Hér kann að hafai áhrif að upplýsingar úr eineltisskýrslu voru ekki taldar til viðkvæmra persónuupplýsinga og stjórnvaldið hafði ekki gætt að því að merkja skýrsluna sem trúnaðargagn.

LEIÐRÉTTING OG EYÐING GAGNA

- » Ef skráðar persónuupplýsingar í eineltisskýrslu eru rangar, villandi eða ófullkomnar skal ábyrgðaraðili sjá til þess að upplýsingarnar verði leiðréttar eða við þær aukið ef umræddur annmarki getur haft áhrif á hagsmuni hins skráða, skv. 25. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.
- » Óski aðili máls eftir að koma á framfæri leiðréttingu er rétt að bjóða viðkomandi að skila inn viðbótum við skýrsluna sem verði varðveittar hjá hinu upprunalega eintaki.
- » Þar sem stofnanir eru afhendingarskyldur aðili, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn, er þeim óheimilt að eyða gögnum máls nema með sérstöku samþykki Þjóðskjalavarðar. Varðar slík gagnaeyðing, án samþykkis, sektum eða fangelsi allt að þremur árum.

UPPLÝSINGARÉTTUR AÐILA

- » Skýlt er að veita aðila sjálfum aðgang að fyrirliggjandi gögnum ef þau hafa að geyma upplýsingar um hann sjálfan eða varða hann með þeim hætti að hann hafi sérstaka hagsmni af því umfram aðra, að fá aðgang að gögnunum, sbr. 1. mgr. 14. gr. Upplýsingalaga nr. 140/2012 og 15. gr. Stjórnsýslulaga.
- » Heimilt er að takmarka aðgang aðila að gögnum ef þau hafa jafnframt að geyma upplýsingar um einkamálefni annarra, enda vegi þeir hagsmunir, sem mæla með því að upplýsingum sé haldið leyndum, þyngra en hagsmunir þess sem fer fram á aðgang að gögnum, sbr. 3. mgr. 14. gr. Upplýsingalaga og 16. gr. Stjórnsýslulaga.
- » Hægt er að takmarka aðgang að hluta skýrslu, afmá nöfn og starfsheiti og afmá upplýsingar um einstök persónugreinanleg atvik eða ummæli.
 - Úrskurður úrskurðarnefndar um upplýsingamál nr. 421/2012
 - Úrskurður úrskurðarnefndar um upplýsingamál nr. 449/2012
 - Úrskurður úrskurðarnefndar um upplýsingamál nr. 466/2012
- Atvinnurekandi getur ekki neitað aðila máls um aðgang að upplýsingum á þeirri forsendu að um vinnugögn sé að ræða, sbr. úrskurð Úrskurðarnefndar um upplýsingamál nr. 577/2015.

UPPLÝSINGARÉTTUR ALMENNINGS

- » Sé þess óskað er skylt að veita almenningi, þ.m.t fjölmiðlum, aðgang að fyrirliggjandi gögnum sem varða tiltekið mál, sbr. 1. mgr. 5. gr. Upplýsingalaga.
- » Heimilt er að takmarka aðgang almennings að upplýsingum þegar þær varða málefni starfsmanna.
- » Þó er skylt að veita upplýsingar um ákveðna þætti í starfsmannamálum s.s. föst launakjör annarra starfsmanna en æðstu stjórnenda, launakjör æðstu stjórnenda.
- » Þá er heimilt að veita upplýsingar um viðurlög í starfi sem æðstu stjórnendur hafa sætt, s.s. áminningar.
 - Vega þarf og meta í hverju tilfalli hvort vegi þyngra hagsmunir almennings af vitneskju um slík viðurlög eða hagsmunir viðkomandi stjórnanda.
 - Til greina kæmi að upplýsa um viðurlög sem varða athafna- eða viðbragðsleysi stjórnanda í eineltismáli en ekki endilega ef áminning er til komin vegna þess að stjórnandi var meintur gerandi.





FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Takk fyrir áheyrnina

www.fjr.is | twitter.com/MoFiceland

